



FUNDARGERÐ 454. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, mánudaginn 6. september 2021. Fundurinn er settur klukkan 14:04. Fundurinn er staðfundur að Gylfaglöt 5 og fjarfundur.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir formaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Líf Magneudóttir.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni.

Ágúst Bjarni Garðarsson, Birkir Jón Jónsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir og Kolbrún Þorsteinsdóttir sitja fund með fjarfundarbúnaði.

Tekið fyrir

1. Mygla í GAJU

Kolbeinn Marteinnsson tekur sæti á fundinum í upphafi fundar.

Eiður Guðmundsson tengist fundinum með fjarfundarbúnaði í upphafi fundar og gerir grein fyrir myglumyndun í límtré í þaki GAJU og þeim áhrifum sem það hefur á starfsemi GAJU. Helstu áhrif þessa eru að fullvinnsla miltu verður tímabundið stöðvuð í þroskunarkrómi GAJU til að draga úr rakamyndun og tryggja vinnuumhverfi starfsfólks. Myndun myglugróa er hluti af moltugerðarferli þar sem lífrænn úrgangur brotnar niður og eðlilegt að mygla finnist við vinnslu. Stöðvunin hefur ekki áhrif á getu GAJU til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá lífrænum úrgangi með söfnun metangass

Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi:

„Mestu skiptir að tryggja vinnuumhverfi starfsfólks GAJU og stjórn fagnar því að gripið verði til markvissra aðgerða í samræmi við ráðleggingar sérfræðinga. Mikilvægt er að ljúka gerð úrbótaáætlunar sem allra fyrst og koma henni í framkvæmd. Stjórn felur framkvæmdastjóra að leita skýringa og jafnframt að kanna hvernig staðið var að hönnun og byggingu GAJU.“

Ágúst Bjarni yfirgefur fundinn klukkan 14:45.

Eiður Guðmundsson staðarstjóri í Álfsnesi aftengist fundinum klukkan 14:58. Kolbeinn Marteinnsson yfirgefur fundinn 15:07.



2. Staða útboðs á útflutningi á brennanlegum úrgangi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu útboðs á brennanlegum úrgangi.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

„Stjórn staðfestir heimild framkvæmdastjóra til að hefja undirbúning tímabundins útflutnings á brennanlegu sorpi, þ.m.t. að hefja útboð vegna þess verks.

Stjórn áréttar að sú mikilsverða áherslubreyting í rekstri SORPU að hætta urðun brennanlegs úrgangs og hefja í þess stað útflutning á slíkum úrgangi til brennslustöðva erlendis var samþykkt sem hluti áforma um að loka urðunarstað SORPU í Álfsnesi. Þar sem umrædd ákvörðun taldist veigamikil og stefnumarkandi í skilningi eigendastefnu samlagsins, sætti hún sérstaklega ítarlegri kynningu gagnvart handhöfum eigendavalds sem og öllum kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum eigendasveitarfélaganna.

Handhafar eigendavalds samþykktu umrædd áform og nauðsynlegar aðgerðir sem þeim fylgja, sbr. viðauka við eigendasamkomulag SORPU dags. 6. júlí 2020, að fengnu sérstöku umboði frá viðeigandi borgar- og bæjarráðum til ákvörðunar. Stjórn hefur alla tíð síðan unnið að framgangi þeirra áherslumála sem af þessari ákvörðun leiðir, þ.m.t. undirbúningi tímabundins útflutnings brennanlegs úrgangs sem framkvæmdastjóra hefur verið falið að setja af stað. Á sama tíma hefur ákvörðun eigenda, sbr. eigendafundur dags. 10.05.2021, um að hefja undirbúningsvinnu við uppbyggingu hátæknibrennslu fyrir sorp á Íslandi fengið farveg í samstarfi ríkis, sveitarfélaga og hagsmunaaðila, sbr. samning um forverkefni dags. 20. júní 2021.“

3. Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður föstudaginn 10. september klukkan 14:00

Fleira var ekki gert og fundi slitið 15:34.